



Áfanganúmer: ENSK4BM12

Prep: 4

Einingar: 12

Forkröfur: A.m.k. 20 einingar á 2. og 3. þrepi

Lýsandi heiti: Enska í 6. bekk málabrautar

Áfangalýsing:

Unnið verður áfram með þá færni sem nemendur hafa tileinkað sér í fyrri áföngum og lögð áhersla á alla færniþætti í náminu. Lögð er sérstök áhersla á málsögu, miðaldabókmenntir og nútímabókmenntir. Einnig er lögð áhersla að nemendur verði læsir á fræðilega texta í hugvísindum til undirbúnings fyrir háskólanám, auki orðaforða sinn, bæti málvitund sína, lesi fjölbreyttar bókmenntir og þjálfist í ritun og munnlegri færni.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna í þeim löndum þar sem tungumálið er notað
- þverfaglegum orðaforða til markvissrar notkunar í háskólanámi og starfi
- enskri tungu og þróun hennar frá fyrri tímabilum
- mismunandi afstöðu og túlkun bókmennta og dýpri merkingu texta
- hugtökum í bókmenntafræði
- mismunandi stefnum og straumum í bókmenntum
- enskum seinni tíma bókmenntum, stefnum og stílbrögðum
- rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyfirlingu, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa fjölbreyttar gerðir texta, bæði fræðilega og bókmenntalega
- lesa sér til fræðslu og/eða ánægju texta sem gera miklar kröfur til lesandans, bæði hvað varðar orðaforða og uppbyggingu
- greina sögulegt, félagslegt, menningarlegt eða pólitískt samhengi í texta
- nýta sér fyrirlestra, umræður og rökræður um efni menningarlegs eðlis
- átta sig á málfarsmun, mismunandi málsniði og stíl í töluðu máli og undirliggjandi merkingu, viðhorfum og tilgangi þess sem talar
- tjá sig munnlega skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér
- skilja sér til gagns þegar fjallað er um flókið efni

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita málinu af lipurð og kunnáttu til að geta tekið fullan þátt í umræðum og rökræðum þar sem fjallað er um persónuleg, menningarleg og félagsleg umfjöllunarefni í bókmenntum

- flytja vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð, draga fram aðalatriði og rökstyðja mál sitt nákvæmlega með dæmum og bregðast við fyrirspurnum
- tjá tilfinningar, nota hugarflug og beita stílbrögðum, t.d. myndmáli og líkingamáli
- skrifa texta með röksemdafærslu þar sem fram koma rök með og á móti og þau eru vegin og metin
- túlka og greina krefjandi bókmenntaverk á dýpri hátt en áður
- nýta nýjan orðaforða í ræðu og riti

Mat á hæfniviðmiðum

- nemendur skrifa rökfærsluritgerð, yfirgripsmikla bókmenntaritgerð og reglulegar ritunaræfingar
- nemendur sýna fram á aukinn orðaforða í glósuprófum og ritunaræfingum
- nemendur svara efnislegum spurningum úr ólesnum textum
- nemendur taka skriflegt próf úr bókmenntum.
- nemendur halda fyrirlestur um séralið efni tengt menningu og sögu enskumælandi þjóða
- símat, munnlegt og skriflegt stúdentspróf